

stjórn Reykjavíkur málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 22/1904:

Björn kaupmaður Sigurðsson
gegn
dánarbúi ekkjufrúar Ingibjargar
Magnussen og skiftaráðandanu'n
sýslumanni Birni Bjarnarsyni.

D ó m u r:

Þegar dánarbúi ekkjufrúar Ingibjargar Magnussen, sem andaðist árið 1899, var undir skiftum, gjörði áfryjandinn Björn kaupmaður Sigurðsson kröfu til bú-
ins um að það greiddi honum skuld að upphæð 1683 kr. 76 a. ásamt 6⁰/₁₀ vöxtum af þeirri upphæð frá 1. jan. 1903 til borgunardags, en upphæð þessi var, að við-
bættum vöxtum og umboðslaunum, fé, er áfryjandinn hafði greitt sonarsonum ekkjufrúarinnar og erfingjum, þeim Kristjáni og Tómasi Skúlasonum, eftir beiðni ömmu þeirra meðan þeir stunduðu nám í Kaupmanna-
höfn. En með úrskurði skiftaréttar Dalasýslu 17. desbr. 1903 neitaði skiftarétturinn að taka kröfuna að neinu leyti til greina, með því að hún hefði eigi komið fram fyr en löngu eftir að skuldlysingarfrestur í búinu var út runninn.

Úrskurði þessum og úthlutunargjörðum þeim, er fram fóru í búinu, skaut áfryjandinn til yfirdómsins með stefnu,

dags. 9. marz f. á., en málinu var þá með dómi 22. ágúst f. á. vísað frá yfirréttinum fyrir galla á stefnunni. Nú hefir áfryjandinn skotið málinu af nýju til yfirdómsins með stefnu, dags. 13. sept. f. á., og hefir þess verið krafist af hans hálfu hér fyrir réttinum, að úrskurðurinn 17. des. 1903 verði úr gildi feldur, svo og úthlutunargjörðir þær, er fram hafa farið í búinu, og að skiftaráðandinn verði skyldaður til þess að greiða áfryjanda úr búinu eða af eigin fé 1683 kr. 76 a. ásamt 6% vöxtum frá 16. des. 1902 og þar til greitt verður, og málskostnað með 150 kr. eða einhverri eftir réttarins mati nægilegri upphæð. Af hálfu búins eða hins stefnda skiftaráðanda hefir enginn mætt fyrir yfirdóm-inum, þótt þeim væri löglega stefnt, og verður því að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., og N. L. 1—4—32.

Því er haldið fram í málinu af áfryjanda, enda er það sannað eða því eigi mótmælt af hlutaðeigendum búins, að áfryjandi hafi lagt út fé það, er hann, að viðbættum vöxtum og umboðslaunum, gjörir kröfu til í búinu, eftir beiðni ekkjufrúar I. Magnussen til sonarsona hennar og erfingja Kristjáns og Tómasar Skúlasona, og að hún hafi lofað að endurborga honum fé það, er hann þannig legði út fyrir hana. Erfingjar búins hafa að vísu athugað það á skiftafundi, að framlögin til bræðranna af hendi áfryjanda hafi verið nokkuð rífligri en ekkjufrúin ætlaðist til, er hún fyrst bað áfryjanda í bréfi 18. sept. 1897 að leggja féð út, en það er hvortveggja, að erfingjarnir hafa eigi bygt á þeirri athugun neina ákveðna kröfu um niðurfærslu á reikningi áfryjanda, en að eins mótmælt því, að hann yrði borgaður af »sam-

eiginlegu dánarbúinu«, enda verður heldur eigi nefnt bréf ekkjufrúarinnar skilið svo, að eigi mætti, ef þörf krefði, láta úti meira fé en ráðgjört var í bréfinu að myndi nægja. Hins vegar var það ráðstöfun ekkjufrúarinnar samkvæmt skjali 28. júní 1898, er fram kom á skiftunum, að fé það, er þannig væri lagt bræðrunum, skyldi koma upp í arfahluta þeirra.

Ástæðan til þess að skiftarétturinn eigi tók kröfu áfrýjanda til greina var heldur ekki sú, að krafan væri eigi réttmæt, eða að búinu hefði eigi í sjálfu sér verið skylt að sjá áfrýjanda fyrir borgun á skuldinni af arfahluta bræðranna Tómasar og Kristjáns Skúlasonar, eins og amma þeirra hafði til ætlast, enda sést það af skiftagjörðinni, að búíð hefir greitt á þennan hátt, af arfahluta bræðranna, fé það, er annar maður lagði út til kostnaðar við nám bræðranna eftir að áfrýjandi hætti því, og var þó ekkert skriflegt frá ekkjufrúnni til stuðnings þeirri kröfu — heldur var ástæðan sú, að skuldinni hefði verið of seint lýst í búinu, eigi fyr en skuldlysingarfrestur var löngu liðinn.

Í þessu tilliti er svo skýrt frá af áfrýjanda, að erfingi sá, er hafði umsjón og ráðsmensku yfir eignum ekkjufrúarinnar síðustu ár hennar, hafi skýrt frá skuldinni í dánarbúinu þegar á hinum fyrsta skiftafundi, og tjáð, að sundurliðaður reikningur frá áfrýjanda myndi vera væntanlegur. En þessarar skuldlysingar er eigi getið í skiftagjörðunum og hún er eigi sönnuð á annan hátt. Þegar krafa áfrýjanda er samkvæmt skiftagjörðinni lögð fram á skiftafundi eða sundurliðaður reikningur yfir hana, — en það var 16. des. 1902, og þá var skuldlysingarfrestur liðinn — þá var ekki að því fundið, að krafan

kæmi of seint, enda var búinu kunnugt um kröfuna áður af fyrnefndu ráðstöfunarskjali ekkjufrúarinnar 28. júní 1898, er lagt hafði verið fram ári áður á skiftafundi, en kröfunni var mótmælt af erfingjunum sökum þess að »eigi væru til fullar sannanir fyrir því, að allar hinar umræddu útborganir væru réttar«, og varð það þá að samkomulagi milli málsaðila að »fresta skiftunum til næsta sumars, til þess að áfryjandi gæti útvegað nauðsynlegar sannanir og til þess að reynt verði að fá þá Kristján og Tómas Skúlasyni til þess að borga skuldina sjálfir«. En á næsta skiftafundi í búinu, 17. des. 1903, þegar hinar eftiræsktu sannanir voru komnar til, með vottorði bræðranna Kristjáns og Tómasar Skúlasona, um að greiðslurnar, er á reikningi áfryjanda voru taldar, væru réttar, þá var fyrst fundið að því, að krafan hefði komið of seint, og tók skiftarétturinn mótmæli þau gegn kröfunni til greina með hinum áfryjanda úrskurði.

Áfryjandinn hefir haldið því fram, að með fyráminstum undirtektum undir kröfu hans á skiftafundinum 16. des. 1902 hafi hlutaðeigendur búins fallið frá mótmælum gegn kröfunni af þeirri ástæðu, að henni væri of seint lýst í búinu, enda hefði frestur á úrskurði um hana að öðrum kosti verið eigi að eins tilgangslaus með öllu, heldur og afarskaðlegur fyrir áfryjanda, sem annars hefði getað þegar í stað reynt með lögsókn að ná skuldinni inn hjá bræðrunum meðan þeir höfðu óeydda arfahluta sína, sem þegar var búið að úthluta þeim að mestu eða öllu löngu fyrir skiftalok.

Á þessa skoðun áfryjandans verður yfirdómurinn og að fallast, og verður því eigi álitid, að rétt hafi

verið af skiftaráðanda, að vísa kröfu hans á bug, af því að hún hafi komið of seint, enda var sú ályktun gjörð á skiftafundi 12. des. 1901, að ef aðrar skuldir eða fleiri kæmu fram en þá voru fram komnar og yrðu sannaðar fyrir skiftaráðanda Dalasýslu, þá skuldbundu erfingjarnir sig til að borga þær hlutfallslega, og er auðsætt af þessu, að erfingjarnir og búið hafa þá eigi ætlað að neita sönnuðum skuldum að eins fyrir þá sök, að þær væru »præclusæ«. Og með því að áfrýjandinn átti samkvæmt áðursögðu rétt til þess að ekkjufrúin, eða nú bú hennar, sæi honum fyrir borgun á útlögðu fé hans, því er hér er um rætt, og mótmæli þau, er gjörð voru gegn reikningi áfrýjanda að öðru leyti eigi voru svo ákveðin, að á þeim verði bygt neitt, enda stefndu að því, að krafan væri eigi greidd af sameiginlegu fé dánar-búsins, sem áfrýjanda mátti á sama standa um, hvort yrði eða eigi, ef búið að eins annaðist borgun skuldarinnar — þá ber samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og úthlutunargjörðir þær, er fram fóru í búinu, eða skiftalokin öll, og skylda skiftaráðandann til að taka skiftin upp af nýju þannig, að krafa áfrýjanda verði tekin til greina og greidd úr búinu. Málskostnaður þykir eftir atvikum mega niður falla.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði skiftaréttarúrskurður 17. desember 1903 og úthlutunargjörðir búsins, þær er fram hafa farið, eða skiftalokin öll, eru úr gildi feld, og ber skiftaráðandanum að taka skiftin fyrir af nýju svo

fljótt sem verða má, þannig að krafa áfryjanda Björns kaupmanns Sigurðssonar um 1683 kr. 76 a. ásamt 6% vöxtum frá 1. janúar 1903 til borgunardags verði til greina tekin og greidd úr búinu.

Mánudaginn 6. marz mánaðar.

Nr. 2/1905:

Réttvísinn

gegn

Einari Guðmundi Sigurðssyni.

D ó m u r:

Mál þetta, sem höfðað er í héraði gegn Einari Guðmundi Sigurðssyni á Einifelli í Mýrasýslu fyrir tilraun til þjófnaðar, var dæmt fyrir aukarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 11. nóv. f. á. á þá leið, að ákærði var dæmdur til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 3 daga og til að greiða allan kostnað af sökinni, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns hans í héraði, Jóns Tómassonar, 4 kr.

Dómi þessum hefir eftir ósk hins ákærða verið áfrýjað til landsyfirréttarins.

Málsatvik eru þessi:

1. dag aprilmán. f. á. kom Tómas bóndi Guðmundsson á fund sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og kvartaði um að honum hefði þá um veturinn verið að hverfa hey á nóttum og að hann hefði sambýlismann sinn á Einifelli, ákærða, grunaðan um þessa heytöku. Tómas kom í annað siun til sýslu-